

## TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2013/39/ESB

2014/EES/64/40

frá 12. ágúst 2013

## um breytingu á tilskipunum 2000/60/EB og 2008/105/EB að því er varðar forgangsefni á sviði stefnu í vatnsmálum (\*)

EVROPUÞINGIÐ OG RAÐ EVRÓPUSAMBANDSINS  
HAFA,

um forvarmir, að áhersla sé á úrbætur þar sem tjón á upptök sín, og að greiðsluskylda sé lögð á þann sem veldur mengun.

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 1. mgr. 192. gr.,

- 3) Meðhöndlun skólps getur verið mjög kostnaðarsöm. Til að greiða fyrir ódýrari og kostnaðarhagkvæmari meðhöndlun skal hvetja til þróunar á nýsköpunartækni í meðhöndlun vatns.

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

- 4) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB frá 23. október 2000 um aðgerðaramma Bandalagsins um stefnu í vatnsmálum<sup>(4)</sup> er mælt fyrir um áætlun gegn vatnsmengun. Sú áætlun felst í því að bera kennsl á forgangsefni meðal þeirra efna sem af stafar umtalsverð áhætta fyrir vatnsumhverfi Sambandsins eða í gegnum það. Í ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2455/2001/EB frá 20. nóvember 2001 um að taka saman skrá yfir forgangsefni að því er varðar stefnu í vatnsmálum<sup>(5)</sup> er sett fram fyrsta skráin yfir 33 efni eða flokka efna sem voru sett í forgang á vettvangi Sambandsins til færslu í X. viðauka við tilskipun 2000/60/EB.

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins<sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álitum svæðanefndarinnar<sup>(2)</sup>,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð<sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Vatnsumhverfinu stendur ógn af efnamengun yfirborðsvatns með áhrifum á borð við bráð og langvinn eiturhrif fyrir vatnalífverur, uppsöfnun mengunarefna í vistkerfinu og tap búsvæða og líffræðilegrar fjölbreytni og hún ógnar einnig heilbrigði manna. Það er forgangsverkefni að greina orsakir mengunar og bregðast við losun mengunarefna við upptök þeirra á eins skilvirkan hátt í efnahagslegu og umhverfislegu tilliti og mögulegt er.

- 5) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/105/EB frá 16. desember 2008 um umhverfisgæðakröfur að því er varðar stefnu í vatnsmálum<sup>(6)</sup> er, í samræmi við tilskipun 2000/60/EB, mælt fyrir um umhverfisgæðakröfur fyrir þau 33 forgangsefni sem tilgreind eru í ákvörðun nr. 2455/2001/EB og átta önnur mengunarefni sem þegar höfðu verið settar reglur um á vettvangi Sambandsins.

- 2) Samkvæmt öðrum málslið 2. mgr. 191. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins skal umhverfisstefna Sambandsins byggjast á varúðarreglunni og meginreglum

- 6) Samkvæmt 3. mgr. 191. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins skal Sambandið, við mótun umhverfisstefnu sinnar, hafa hliðsjón af fyrirliggjandi vísinda- og tæknigögnum, umhverfisaðstæðum á mismunandi svæðum í Sambandinu, hugsanlegu gagni eða óhagræði sem leiða kann af aðgerðum eða aðgerðaleysi og efnahagslegri og félagslegri þróun Sambandsins í

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 226, 24.8.2013, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 194/2014 frá 25. september 2014 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. ESB C 229, 31.7.2012, bls. 116.

(2) Stjtið. ESB C 17, 19.1.2013, bls. 91.

(3) Afstaða Evrópuþingsins frá 2. júlí 2013 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 22. júlí 2013.

(4) Stjtið. EB L 327, 22.12.2000, bls. 1.

(5) Stjtið. EB L 331, 15.12.2001, bls. 1.

(6) Stjtið. ESB L 348, 24.12.2008, bls. 84.

heild og jafnvægi í þróun á einstökum svæðum þess. Taka skal tillit til vísindalegra þátta, umhverfisþátta og félagshagfræðilegra þátta, þ.m.t. atriða sem varða heilbrigði manna, við þróun kostnaðarhagkvæmrar og hlutfallslegrar stefnu um forvarnir gegn efnamengun yfirborðsvatns og eftirlit með henni, þ.m.t. við endurskoðun á skránni yfir forgangsefni í samræmi við 4. mgr. 16. gr. tilskipunar 2000/60/EB. Í ljósi þess markmiðs skal beita mengunarbótareglunni, sem er undirstaða tilskipunar 2000/60/EB, með samræmdum hætti.

- 7) Framkvæmdastjórnin hefur endurskoðað skrána yfir forgangsefni í samræmi við 4. mgr. 16. gr. tilskipunar 2000/60/EB og 8. gr. tilskipunar 2008/105/EB og komist að þeirri niðurstöðu að viðeigandi sé að breyta skránni yfir forgangsefni með því að tilgreina ný efni sem gefa tilefni til beitingar forgangsaðgerða á vettvangi Sambandsins, setja umhverfsgæðakröfur fyrir þessi nýlega tilgreindu efni, endurskoða umhverfsgæðakröfurnar fyrir fyrirbyggjandi efni til samræmis við vísindalegar framfarir og setja umhverfsgæðakröfur fyrir lífríki fyrir tiltekin fyrirbyggjandi og nýlega tilgreind forgangsefni.
- 8) Endurskoðunin á skránni yfir forgangsefnin var studd af umfangsmiklu samráði við sérfræðinga frá þjónustusviðum framkvæmdastjórnarinnar, aðildarríki, hagsmunaaðila og vísindanefndina um heilbrigðis- og umhverfis-áhættu.
- 9) Taka skal tillit til endurskoðuðu umhverfsgæðakrafanna fyrir fyrirbyggjandi forgangsefni í fyrsta skipti í stjórnunaráætlunum fyrir vatnasviðaumdæmi fyrir tímabilið 2015 til 2021. Taka skal tillit til nýlega tilgreindu forgangsefnanna og umhverfsgæðakrafna vegna þeirra þegar komið er á viðbótavöktunaráætlunum og í undirbúningsáætlunum um ráðstafanir sem skal leggja inn fyrir lok ársins 2018. Með það fyrir augum að ná fram góðu, efnafræðilegu ástandi yfirborðsvatns skal uppfylla endurskoðuðu umhverfsgæðakröfurnar fyrir fyrirbyggjandi forgangsefni fyrir lok ársins 2021 og umhverfsgæðakröfurnar fyrir nýlega tilgreind forgangsefni fyrir lok 2027, með fyrirvara um 4. til 9. mgr. 4. gr. tilskipunar 2000/60/EB en þeirra á meðal eru ákvæði um að framlengja frestinn til að ná fram góðu, efnafræðilegu ástandi yfirborðsvatns eða ná fram vægari almennum umhverfismarkmiðum fyrir tiltekin vatnshlot vegna óhóflegs kostnaðar og/eða félagshagfræðilegra þarfa, að því tilskildu að ekki verði frekari hnignun á ástandi þeirra vatnshlota sem orðið hafa fyrir áhrifum. Því skal ákvörðun á efnafræðilegu ástandi yfirborðsvatns fyrir frestinn sem gefinn er til 2015, sem mælt er fyrir um í 4. gr. tilskipunar 2000/60/EB, einungis byggjast á þeim efnunum og umhverfsgæðakröfum, sem sett eru fram í tilskipun 2008/105/EB í þeirri útgáfu sem var í gildi 13. janúar 2009, nema umræddar umhverfsgæðakröfur séu strangari en endurskoðuðu umhverfsgæðakröfurnar í þessari tilskipun en þá skal beita þeim síðarnefndu.
- 10) Frá því að tilskipun 2000/60/EB var samþykkt hefur fjöldi lagagerninga Sambandsins verið samþykktur í samræmi

við 6. mgr. 16. gr. þeirrar tilskipunar, sem varða stjórnun á losun einstakra forgangsefna. Einnig falla margar ráðstafanir á sviði umhverfisverndar undir gildissvið annarrar fyrirbyggjandi löggjafar Sambandsins. Þegar hægt er að ná fram markmiðunum, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 2000/60/EB, á skilvirkan hátt með fyrirbyggjandi gerningum skal það vera forgangsmál að framkvæma og endurskoða þá gerninga fremur en að koma á nýjum ráðstöfunum. Innfærsla efnis í X. viðauka við tilskipun 2000/60/EB er gerð með fyrirvara um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað(7).

- 11) Til að bæta samræmingu á milli tilskipunar 2000/60/EB, reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu(8) og viðeigandi löggjafar, sem bundin er við tiltekna geira, skal kanna hugsanleg samlegðaráhrif með það fyrir augum að bera kennsl á hugsanleg svið þar sem nota má gögn sem safnað er með framkvæmd tilskipunar 2000/60/EB til að styðja við efnareglurnar og aðrar viðeigandi matsreglur fyrir efni og hins vegar svið þar sem nota má gögn sem verða til vegna mats á efnunum samkvæmt efnareglunum og viðeigandi löggjöf, sem bundin er við tiltekna geira, til að styðja við framkvæmd tilskipunar 2000/60/EB, þ.m.t. forgangsröðunin sem lýst er í 2. mgr. 16. gr. þeirrar tilskipunar.
- 12) Oft er hægt að ná því fram á kostnaðarhagkvæmasta hátt að draga jafnt og þétt úr mengun og binda endi á eða stöðva í áföngum sleppingu, losun og leka hættulegra forgangsefna, eins og krafist er í tilskipun 2000/60/EB, með ráðstöfunum Sambandsins við upptök sem beinast gegn tilteknum efnunum, t.d. samkvæmt reglugerðum (EB) nr. 1907/2006, (EB) nr. 1107/2009 eða (ESB) nr. 528/2012(9) eða tilskipunum 2001/82/EB(10), 2001/83/EB(11) eða 2010/75/ESB(12). Því skal styrkja samræmi á milli þessara lagagerninga, tilskipunar 2000/60/EB og annarrar viðeigandi löggjafar til að tryggja að fyrirkomulagi til að draga úr áhættum við upptök þeirra sé beitt eins og við á. Ef niðurstöður úr reglubundinni endurskoðun á X. viðauka við tilskipun 2000/60/EB

(7) Stjtið. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

(8) Stjtið. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1.

(9) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra (Stjtið. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1).

(10) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/82/EB frá 6. nóvember 2001 um Bandalagsreglur um dýralyf (Stjtið. EB L 311, 28.11.2001, bls. 1).

(11) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB frá 6. nóvember 2001 um Bandalagsreglur um lyf sem ætluð eru mönnum (Stjtið. EB L 311, 28.11.2001, bls. 67).

(12) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB frá 24. nóvember 2010 um losun í iðnaði (samþættar mengunarnir og eftirlit með mengun) (Stjtið. ESB L 334, 17.12.2010, bls. 17).

sýna, ásamt fyrirbyggjandi vöktunargögnum, að gildandi ráðstafanir á vettvangi Sambandsins eða aðildarríkis nægja ekki til að uppfylla umhverfisgæðakröfurnar fyrir tiltekin forgangsefni eða markmið um endalok eða stöðvun í áföngum að því er varðar tiltekin hættuleg forgangsefni skal gera viðeigandi ráðstafanir á vettvangi Sambandsins eða aðildarríkis með það fyrir augum að ná fram markmiðunum í tilskipun 2000/60/EB, með tilliti til áhættumats, félagsdagfræðilegrar greiningar og kostnaðar- og ábatagreiningar samkvæmt viðeigandi löggjöf ásamt öðrum tiltækum leiðum.

- 13) Frá því að umhverfisgæðakröfurnar voru ákvarðaðar fyrir forgangsefnin 33 í X. viðauka við tilskipun 2000/60/EB hefur verið lokið við gerð nokkurs fjölda áhættumata samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 frá 23. mars 1993 um mat og eftirlit með áhættu skráðra efna<sup>(13)</sup>, sem reglugerð (EB) nr. 1907/2006 kom síðar í staðinn fyrir. Til að tryggja viðeigandi verndarstig og uppfæra umhverfisgæðakröfurnar í samræmi við nýjustu vísinda- og tæknipækkingu um áhættu fyrir eða gegnum vatnsumhverfið skal endurskoða umhverfisgæðakröfurnar fyrir tiltekin fyrirbyggjandi efni.
- 14) Tilgreind hafa verið fleiri efni, sem af stafar umtalsvert áhætta fyrir vatnsumhverfi Sambandsins eða í gegnum það, og þau sett í forgang með þeim aðferðum sem eru tilgreindar í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar 2000/60/EB og skal þeim bætt við skrána yfir forgangsefni. Tillit var tekið til nýjustu tiltækilegra vísinda- og tækniupplýsinga þegar umhverfisgæðakröfur voru ákvarðaðar fyrir þessi efni.
- 15) Vatns- og jarðvegsmengun af völdum lyfjaleifa er aðsteðjandi umhverfisvandamál. Almennum umhverfis-markmiðum Sambandsins skal veitt viðunandi athygli við mat á og eftirlit með áhættu fyrir vatnsumhverfið eða í gegnum það sem stafar af lyfjum. Til að taka tillit til þess vandamáls skal framkvæmdastjórnin rannsaka áhættuna af umhverfisáhrifum lyfja og leggja fram greiningu á mikilvægi og skilvirkni nógildandi lagaramma fyrir verndun vatnsumhverfisins og heilbrigðis manna í gegnum vatnsumhverfið.
- 16) Ákvörðun umhverfisgæðakrafna fyrir hættuleg forgangsefni felur yfirleitt í sér herra óvissustig en fyrir almenn forgangsefni, en slíkar umhverfisgæðakröfur setja samt viðmiðun til að meta hvort farið sé að markmiðinu um gott, efnafraðilegt ástand yfirborðsvatns, eins og er skilgreint í 24. mgr. 2. gr. og ii. og iii. lið a-liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2000/60/EB. Til að tryggja fullnægjandi vernd fyrir umhverfið og heilbrigði manna skal hins vegar einnig stefna að því að binda endi á eða

stöðva í áföngum sleppingu, losun og leka hættulegra forgangsefna, í samræmi við iv. lið a-liðar 1. mgr. 4. gr. í tilskipun 2000/60/EB.

- 17) Vísindaleg þekking um afdrif og áhrif mengunarefna í vatni hefur þróast umtalsvert á nýliðnum árum. Meira er vitað um í hvaða hölfum vatnsumhverfisins (vatni, seti eða lífríki, hér á eftir nefnt „fylki“) líklegt er að tiltekið efni finnist og þar af leiðandi hvar líklegast er að styrkur þess sé mælanlegur. Sum mjög vatnsfælin efni safnast upp í lífríkinu og eru vart greinanleg í vatni, jafnvel með þróuðustu greiningartækni. Að því er varðar slík efni skal setja umhverfisgæðakröfur fyrir lífríki. Þrátt fyrir það skulu aðildarríkin, til að nýta vöktunaráætlun sína og laga hana að staðbundnum aðstæðum, hafa þann sveigjanleika að geta beitt umhverfisgæðakröfum fyrir annars konar fylki eða, þar sem við á, annars konar flokkunareiningar lífvera, t.d. undirfylkingu krabbadýra (Crustacea), nærstofn „fiska“, flokk smokka (Cephalopoda) eða flokk samlokna (Bivalvia), að því tilskildu að verndarstigið sem umhverfisgæðakrafan og vöktunarkerfi aðildarríkjanna bjóða upp á sé jafn hátt og það sem umhverfisgæðakrafan og fylkið, sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, veita.
- 18) Nýstárlegar vöktunaraðferðir eins og t.d. óvirk sýnataka og aðrar aðferðir lofa góðu fyrir framtíðina og því skal halda áfram þróun þeirra.
- 19) Í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/90/EB frá 31. júlí 2009 um tækniforskriftir fyrir efnagreiningu og vöktun á ástandi vatns samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB<sup>(14)</sup> er komið á lágmarksnothæfisviðmiðunum fyrir greiningaraðferðir sem eru notaðar við vöktun á ástandi vatns. Með því að krefjast þess að notaðar séu greiningaraðferðir, sem eru nógu næmar til að tryggja að hægt sé að greina og mæla á áreiðanlegan hátt þegar farið er yfir mörk umhverfisgæðakröfu, tryggja þessar viðmiðanir að vöktunarypplýsingarnar sem er aflað hafi þýðingu og vægi. Aðildarríkjunum skal einungis heimilt að vakta önnur fylki eða flokkunareiningar lífvera en þær sem eru tilgreindar í þessari tilskipun ef greiningaraðferðin sem er notuð uppfyllir lágmarksnothæfisviðmiðanirnar, sem settar eru fram í 4. gr. tilskipunar 2009/90/EB fyrir viðkomandi umhverfisgæðakröfu og fylki eða flokkunareiningu lífveru, eða skilar a.m.k. jafn góðum niðurstöðum og aðferðin sem er í boði fyrir umhverfisgæðakröfuna og fylkið eða flokkunareiningu lífverunnar sem er tilgreind í þessari tilskipun.
- 20) Framkvæmd þessarar tilskipunar felur m.a. í sér viðfangsefni sem varða fjölbreytni hugsanlegra svara við vísindalegum, tæknilegum og hagkvæmum spurningum og ófullkomna þróun vöktunaraðferða ásamt takmörkunum sem varða mannafla og fjármagn. Til að aðstoða við að takast á við sum þessara viðfangsefna skal styðja við þróun vöktunaráætlana og greiningaraðferða með tæknivinnu sérfræðingahópa samkvæmt sameiginlegu framkvæmdaáætluninni fyrir tilskipun 2000/60/EB.

<sup>(13)</sup> Stjtið. EB L 84, 5.4.1993, bls. 1.

<sup>(14)</sup> Stjtið. ESB L 201, 1.8.2009, bls. 36.

- 21) Þrávirk efni sem safnast fyrir í lifverum og eru eitruð (PBT-efni) og önnur efni sem haga sér eins og PBT-efni geta fundist svo áratugum skiptir í vatnsumhverfinu í styrk sem skapar umtalsverða áhættu, jafnvel þó að gerðar hafi verið viðtækar ráðstafanir til að draga úr eða hætta losun slíkra efna. Sum geta einnig borist um langa vegu og eru nánast aldreið í umhverfinu. Allnokkur slík efni eru á meðal fyrirleggjandi og nýlega tilgreindra hættulegra forgangsefna. Vísbandingar eru um langtímaaldreifingu sumra þessara efna í vatnsumhverfi Sambandsins og þarf sérstaklega að huga að þessum tilteknu efnum að því er varðar áhrif þeirra á framsetningu á efnafræðilegu ástandi samkvæmt tilskipun 2000/60/EB og að því er varðar kröfur um vöktun.
- 22) Hvað varðar framsetningu á efnafræðilegu ástandi samkvæmt lið 1.4.3 í V. viðauka við tilskipun 2000/60/EB ætti aðildarríkjunum að vera heimilt að leggja fram aðskildar upplýsingar um áhrif efna, sem haga sér eins og aldreið PBT-efni, á efnafræðilegt ástand þannig að hægt sé að sjá umbætur á vatnsgæðum í tengslum við önnur efni. Auk skyldubundna kortsins, sem nær yfir öll efni, má leggja fram viðbótarkort, sem nær yfir efni sem haga sér eins og aldreið PBT-efni og sem hvert fyrir sig nær yfir hin efni.
- 23) Vöktunina ætti að laga að umfangi þess breytileika í styrk í rúmi og tíma sem búist er við. Vegna viðtækrar dreifingar og langs batatíma sem búist er við í tengslum við efni sem haga sér eins og aldreið PBT-efni skal aðildarríkjunum heimilt að fækka vöktunarstöðum og/ eða draga úr tíðni vöktunar vegna þessara efna niður í það lágmark sem nægir til að ná fram áreiðanlegri leitnigreiningu til lengri tíma, að því tilskildu að fyrir liggja tölfraðilega sterk grunnlína fyrir vöktunina.
- 24) Sú sérstaka athygli sem efnum sem haga sér eins og aldreið PBT-efni er veitt undanskilur hvorki Sambandið né aðildarríkin frá því að gera ráðstafanir til viðbótar þeim sem þegar hafa verið gerðar, þ.m.t. á alþjóðavettvangi, til að draga úr eða hætta sleppingu, losun og leka þessara efna til að ná fram markmiðunum sem sett eru fram í a-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2000/60/EB.
- 25) Samkvæmt 3. mgr. 10. gr. tilskipunar 2000/60/EB skal, þegar krafist er strangari skilyrða en þeirra sem myndu gilda væri ákvæðum 2. mgr. 10. gr. þeirrar tilskipunar beitt samkvæmt gæðamarkmiði eða gæðakröfu sem er komið á samkvæmt þeirri tilskipun, tilskipunum sem taldar eru upp í IX. viðauka við tilskipun 2006/60/EB eða samkvæmt annarri löggjöf Sambandsins, koma á strangari stjórnun á losun til samræmis við það. Svipað ákvæði er einnig í 18. gr. tilskipunar 2010/75/ESB. Af þessum greinum leiðir að sú stjórnun á losun sem ákvörðuð var samkvæmt löggjöfinni sem talin er upp í 2. mgr. 10. gr. tilskipunar 2000/60/EB ætti að vera sú lágmarksstjórnun sem er beitt. Þegar slík stjórnun getur ekki tryggt að umhverfisgæðakröfur séu uppfylltar, t.d. hvað varðar efni sem haga sér eins og aldreið PBT-efni, en strangari skilyrði myndu ekki heldur gera það, jafnvel í tengslum við strangari skilyrði sem varða aðra sleppingu, losun og leka sem hafa áhrif á vatnshlotið, er ekki hægt að líta svo á að þörf sé fyrir slík strangari skilyrði til að uppfylla þá umhverfisgæðakröfu.
- 26) Þörf er fyrir hágæða vöktunargögn, ásamt gögnum um visteiturefnafræðileg og eiturefnafræðileg áhrif, vegna áhættumata til að styðja valið á nýjum forgangsefnum. Þó að vöktunargögnin frá aðildarríkjunum hafi batnað umtalsvert á undanförunum árum eru gæði þeirra ekki alltaf nægjanleg til að uppfylla tilgang þeirra og þau ná ekki alltaf til alls Sambandsins. Einkum vantar vöktunargögn fyrir mörg nýtilkomin mengunarefni sem má skilgreina sem mengunarefni sem eins og stendur eru ekki hluti af venjubundnum vöktunaráætlunum á vettvangi Sambandsins en af þeim gæti stafað umtalsverð áhætta sem þarf að setja reglur um, allt eftir hugsanlegum visteiturefnafræðilegum og eiturefnafræðilegum áhrifum þeirra og styrk í vatnsumhverfinu.
- 27) Þörf er fyrir nýtt fyrirkomulag til að útvega framkvæmdastjórninni markvissar hágæða vöktunarpplýsingar um styrk efna í vatnsumhverfinu, með áherslu á nýtilkomin mengunarefni og efni sem ekki liggja fyrir um nægjanlega góðar upplýsingar til að gera megí áhættumat vegna þeirra. Nýja fyrirkomulagið skal auðvelda söfnun þessara upplýsinga fyrir vatnasvið Sambandsins og skal vera viðbót við vöktunargögn úr áætlunum skv. 5. og 8. gr. tilskipunar 2000/60/EB og frá öðrum áreiðanlegum upplýsingaveitum. Til að halda kostnaði við vöktun á skynsamlegum nótum skal fyrirkomulagið beinast að takmörkuðum fjölda efna, sem eru tekin tímabundið á vöktunarskrá, og takmörkuðum fjölda vöktunarstaða en safna dæmigerðum gögnum sem fullnægja tilganginum með forgangsröðunarferli Sambandsins. Skráin skal vera virk og gildi hennar tímabundið til að bregðast við nýjum upplýsingum um hugsanlegar áhættur sem stafa af nýtilkomnum mengunarefnum og til að forðast að vakta efni lengur en þörf er á.
- 28) Til að einfalda og hagræða skýrslugjafarskyldum aðildarríkjanna og auka samræmi við aðra tengda þætti er varða vatnsstjórnun skal sameina tilkynningarskylduna í 3. gr. tilskipunar 2008/105/EB og heildarskýrslugjafarskyldur í 15. gr. tilskipunar 2000/60/EB.

- 29) Hvað varðar framsetningu á efnafræðilegu ástandi samkvæmt lið 1.4.3 í V. viðauka við tilskipun 2000/60/EB í tengslum við uppfærslu á áætlunum um ráðstafanir og stjórnunaráætlunum fyrir vatnasviðaumdæmin sem framkvæma skal í samræmi við 8. mgr. 11. gr. og 7. mgr. 13. gr. tilskipunar 2000/60/EB, í þeirri röð, ætti aðildarríkjunum að vera heimilt að setja fram aðskildar upplýsingar um áhrif nýlega tilgreindra forgangsefna og fyrirbyggjandi forgangsefna með endurskoðaðar umhverfisgæðakröfur á efnafræðilegt ástand, þannig að ekki verði fyrir mistök litið á innleiðingu nýrra krafna sem vísbendingu um að efnafræðilegt ástand yfirborðsvatns hafi versnað. Auk skyldubundna kortsins, sem nær yfir öll efni, má leggja fram viðbótarkort sem ná yfir nýlega tilgreind efni og fyrirbyggjandi efni með endurskoðaðar umhverfisgæðakröfur og sem hvert fyrir sig nær yfir öll hin efni.
- 30) Nauðsynlegt er að umhverfisupplýsingar um ástand yfirborðsvatns í Sambandinu og upplýsingar um það sem náðst hefur fram með áætlunum gegn efnamengun séu gerðar öllum aðgengilegar með tímanlegum hætti. Með það fyrir augum að styrkja aðgang og gagnsæi skal miðlæg gátt með upplýsingum um stjórnunaráætlanirnar fyrir vatnasviðaumdæmin vera öllum aðgengileg á rafrænan hátt í hverju aðildarríki, ásamt endurskoðunum og uppfærslum.
- 31) Með samþykkt þessarar tillögu og framlagningu á skýrslunni til Evrópuþingsins og ráðsins hefur framkvæmdastjórnin lokið fyrstu endurskoðun sinni á skránni yfir forgangsefni eins og krafist er skv. 8. gr. tilskipunar 2008/105/EB. Þetta felur í sér endurskoðun á efnunum sem skráð eru í III. viðauka við þá tilskipun en sum þeirra hafa verið tilgreind vegna forgangsröðunar. Sem stendur liggja ekki fyrir fullnægjandi vísbendingar til að setja í forgang hin efni sem skráð eru í III. viðauka. Þar sem hugsanlegt er að fram komi nýjar upplýsingar varðandi þessi efni eru þau ekki útilokuð frá endurskoðun í framtíðinni, rétt eins og hin efni sem voru skóðuð en ekki sett í forgang í núverandi endurskoðun. Því er III. viðauki við tilskipun 2008/105/EB orðinn úreltur og ætti að fella hann brott. Breyta ætti 8. gr. þeirrar tilskipunar til samræmis við það, einnig að því er varðar dagsetningu skýrslugjafarinnar til Evrópuþingsins og ráðsins.
- 32) Til að bregðast tímanlega við viðeigandi tækni- og vísindaframförum á því sviði sem þessi tilskipun nær til skal framselja til framkvæmdastjórnarinnar vald til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins að því er varðar uppfærslu á aðferðunum við beitingu umhverfisgæðakrafanna sem mælt er fyrir um í tilskipuninni. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga. Framkvæmdastjórnin skal við undirbúningu og samningu framseldra gerða tryggja samhliða, tímanlega og viðeigandi afhendingu viðkomandi skjala til Evrópuþingsins og ráðsins.
- 33) Til að bæta upplýsingagrunninn vegna tilgreiningar forgangsefna í framtíðinni, einkum að því er varðar nýtilkomin mengunarefni, skal fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald til að koma upp og uppfæra vöktunarskrá. Enn fremur skal fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald til að tryggja samræmingu skilyrða fyrir framkvæmd þessarar tilskipunar og fyrir snið skýrslugjafar um vöktunargögn og upplýsingar til framkvæmdastjórnarinnar. Þessu valdi skal beitt í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdavaldi sínu<sup>(15)</sup>.
- 34) Í samræmi við sameiginlega pólitíska yfirlýsingu aðildarríkja og framkvæmdastjórnarinnar frá 28. september 2011 um skýringaskjöl<sup>(16)</sup> hafa aðildarríkin skuldbundið sig, í rökstuddum tilvikum, til að láta tilkynningunni um lögleiðingarráðstafanir sínar fylgja eitt eða fleiri skjöl sem skýra út sambandið milli innihalds tilskipunar og samsvarandi hluta landsbundinna lögleiðingagerninga. Að því er varðar þessa tilskipun telur löggjafinn að sending slíkra gagna sé rökstudd.
- 35) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar tilskipunar, þ.e. að ná fram góðu efnafræðilegu ástandi yfirborðsvatns með því að mæla fyrir um umhverfisgæðakröfur fyrir forgangsefni og tiltekin önnur mengunarefni, og því verður, vegna þarfarinnar fyrir að viðhalda sama verndarstigi fyrir yfirborðsvatn í gervöllu Sambandinu, betur náð á vettvangi Sambandsins, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og fram kemur í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessu markmiði.
- 36) Því ber að breyta tilskipunum 2000/60/EB og 2008/105/EB til samræmis við það.

**SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:**

*I. gr.*

Tilskipun 2000/60/EB er breytt sem hér segir:

<sup>(15)</sup> Stjtið. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13.

<sup>(16)</sup> Stjtið. ESB C 369, 17.12.2011, bls. 14.

## 1) Í stað 4. mgr. 16. gr. komi eftirfarandi:

„4. Framkvæmdastjórnin skal endurskoða samþykktu skrá yfir forgangsefni eigi síðar en fjórum árum eftir gildistöku dag þessarar tilskipunar og a.m.k. á sex ára fresti eftir það og leggja fram tillögur eins og við á.“

## 2) Í stað X. viðauka komi texti I. viðauka við þessa tilskipun.

## 2. gr:

Tilskipun 2008/105/EB er breytt sem hér segir:

## 1) Í stað 2. gr. komi eftirfarandi:

„2. gr:

**Skilgreiningar**

Að því er varðar þessa tilskipun gilda skilgreiningarnar sem mælt er fyrir um í 2. gr. tilskipunar 2000/60/EB og í 2. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/90/EB frá 31. júlí 2009 um tækniforskriftir fyrir efnagreiningu og vöktun á ástandi vatns samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB(\*).

Að auki gilda eftirfarandi skilgreiningar:

- 1) „fylki“: hólf í vatnsumhverfinu, þ.e. vatn, set eða lífríki,
- 2) „flokunareining lífvera“: tiltekin flokkunareining fyrir lagarlífverur innan „undirfylkingar“, „flokks“ eða samsvarandi flokkunareininga.“

(\*) Stjtið. ESB L 201, 1.8.2009, bls. 36.“

## 2) Í stað 3. gr. komi eftirfarandi:

„3. gr:

**Umhverfisgæðakröfur**

1. Aðildarríkin skulu, með fyrirvara um 1. mgr. a, beita umhverfisgæðakröfunum fyrir yfirborðsvatnshlot, sem mælt er fyrir um í A-hluta I. viðauka, og skulu þau beita þessum umhverfisgæðakröfum í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í B-hluta I. viðauka.

1a. Með fyrirvara um kröfurnar sem leiða af þessari tilskipun í útgáfunni sem var í gildi 13. janúar 2009, einkum að því er varðar að ná fram góðu efnafræðilegu ástandi yfirborðsvatns í tengslum við efnin og þær umhverfisgæðakröfur sem þar eru skráðar, skulu aðildarríkin hrinda í framkvæmd umhverfisgæðakröfunum sem mælt er fyrir um í A-hluta I. viðauka að því er varðar:

- i. efnin í A-hluta I. viðauka, sem bera númerin 2, 5, 15, 20, 22, 23 og 28, sem endurskoðaðar umhverfisgæðakröfur sem gilda frá 22. desember 2015 hafa verið settar fyrir með það fyrir augum að ná fram góðu efnafræðilegu ástandi yfirborðsvatns í tengslum við þessi efnin fyrir 22. desember 2021 með áætlunum um ráðstafanir sem eru hluti af stjórnunaráætlunum

fyrir vatnasviðaumdæmin fyrir árið 2015 sem eru gerðar í samræmi við 7. mgr. 13. gr. tilskipunar 2000/60/EB og

- ii. nýlega tilgreindu efnin í A-hluta I. viðauka sem bera númerin 34 til 45 frá og með 22. desember 2018, með það fyrir augum að ná fram góðu efnafræðilegu ástandi yfirborðsvatns í tengslum við umrædd efnin fyrir 22. desember 2027 og koma í veg fyrir hnignun á efnafræðilegu ástandi yfirborðsvatnshlota í tengslum við þessi efnin. Í þessum tilgangi skulu aðildarríkin, fyrir 22. desember 2018, koma á fót og leggja fyrir framkvæmdastjórnina viðbótarvöktunaráætlun og undirbúningsáætlun um ráðstafanir fyrir umrædd efnin. Endanlegri áætlun um ráðstafanir í samræmi við 11. gr. tilskipunar 2000/60/EB skal komið á fyrir 22. desember 2021 og skal hrint í framkvæmd og komið í fulla notkun eins fljótt og auðið er eftir þá dagsetningu og eigi síðar en 22. desember 2024.

Ákvæði 4. til 9. mgr. 4. gr. tilskipunar 2000/60/EB skulu gilda að breyttu breytanda um efnin sem eru skráð í i. og ii. lið fyrstu undirgreinar.

2. Að því er varðar efnin sem bera númerin 5, 15, 16, 17, 21, 28, 34, 35, 37, 43 og 44 í A-hluta I. viðauka skulu aðildarríkin beita umhverfisgæðakröfunum fyrir lífríki sem mælt er fyrir um í A-hluta I. viðauka.

Hvað varðar önnur efnin en þau sem um getur í fyrstu undirgrein skulu aðildarríkin beita umhverfisgæðakröfunum fyrir vatn sem mælt er fyrir um í A-hluta I. viðauka.

3. Aðildarríkin geta, í tengslum við einn eða fleiri flokka yfirborðsvatns, kosið að beita umhverfisgæðakröfu fyrir annað fylki en það sem er tilgreint í 2. mgr. eða, ef við á, fyrir aðra flokkunareiningu lífvera en þær sem eru tilgreindar í A-hluta I. viðauka.

Aðildarríki sem nýta sér valkostinn sem um getur í fyrstu undirgrein skulu beita viðeigandi umhverfisgæðakröfu sem mælt er fyrir um í A-hluta I. viðauka eða, ef engin slík er til fyrir fylkið eða flokkunareiningu lífveru, koma á umhverfisgæðakröfu sem býður upp á a.m.k. sama verndarstig og umhverfisgæðakrafan sem mælt er fyrir um í A-hluta I. viðauka.

Aðildarríkin mega einungis nota valkostinn sem um getur í fyrstu undirgrein ef greiningaraðferðin, sem er notuð fyrir fylkið eða flokkunareiningu lífveru, uppfyllir lágmarksnothæfisviðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í 4. gr. tilskipunar 2009/90/EB. Þegar þessar viðmiðanir eru ekki uppfylltar fyrir neitt fylki skulu aðildarríkin sjá til þess að vöktun sé framkvæmd með bestu, fánlegri tækni sem ekki felur í sér óhóflegan kostnað og að greiningaraðferðin virki a.m.k. jafn vel og sú sem er í boði fyrir fylkið, sem er tilgreint í 2. mgr. þessarar greinar, að því er varðar viðkomandi efnin.

3a. Þegar greinst hefur hugsanleg áhætta fyrir vatnsumhverfið eða í gegnum það vegna bráðra váhrifa, sem stafa af mældum eða áætluðum styrk í umhverfinu eða losun, og beitt er umhverfisgæðakröfum vegna lífríkis

eða sets skulu aðildarríkin sjá til þess að yfirborðsvatn sé einnig vaktað og skulu þau beita leyfilegum hámarksstyrk umhverfisgæðakröfunnar (LHS-UGK), sem mælt er fyrir um í A-hluta I. viðauka við þessa tilskipun, hafi slíkar umhverfisgæðakröfur verið fastsettar.

3b. Ef þess er getið, skv. 5. gr. tilskipunar 2009/90/EB, að reiknað meðalgildi mælingar, sem er gerð með bestu, fánlegu tækni sem ekki felur í sér óhóflegan kostnað, sé „undir magngreiningarmörkum“ og magngreiningarmörk þeirrar tækni eru hærri en í umhverfisgæðakröfunni skal ekki nota niðurstöðuna fyrir efnið sem var mælt til að meta efnafræðilegt heildarástand þess vatnshlots.

4. Að því er varðar efni, sem umhverfisgæðakröfu fyrir set og/eða lífríki er beitt fyrir, skulu aðildarríkin vakta efnið í viðeigandi fylki a.m.k. einu sinni á ári, nema tækniþekking og sérfræðimat réttlæti aðra tímaviðmiðun.

5. Aðildarríkin skulu hafa eftirfarandi upplýsingar í uppfærðum stjórnunaráætlunum sínum fyrir vatnasviðaukdæmi sem eru gerðar í samræmi við 7. mgr. 13. gr. tilskipunar 2000/60/EB:

a) töflu þar sem fram koma magngreiningarmörk greiningaraðferðarinnar sem beitt var og upplýsingar um frammistöðu þessara aðferða í tengslum við lágmarksnothæfisviðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í 4. gr. tilskipunar 2009/90/EB,

b) að því er varðar efnin sem valkostinum í 3. mgr. þessarar greinar er beitt fyrir:

i. ástæðurnar fyrir beitingu þess valkostar og á hvaða grundvelli honum er beitt,

ii. ef við á: aðrar umhverfisgæðakröfur sem er komið á fót, sannanir fyrir því að þessar umhverfisgæðakröfur bjóði upp á a.m.k. sama verndarstig og umhverfisgæðakröfunar sem mælt er fyrir um í A-hluta I. viðauka, þ.m.t. gögnin og aðferðirnar sem beitt er til að leiða út umhverfisgæðakröfuna, og þeir flokkar yfirborðsvatns sem þær myndu gilda um,

iii. magngreiningarmörk greiningaraðferðanna fyrir fylkin sem eru tilgreind í A-hluta I. viðauka við þessa tilskipun, þ.m.t. upplýsingar um gagnsemi þessara aðferða í tengslum við lágmarksnothæfisviðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í 4. gr. tilskipunar 2009/90/EB, til samanburðar við upplýsingarnar sem um getur í a-lið þessarar málsgreinar,

c) rökstuðningur fyrir tíðni vöktunar sem er beitt í samræmi við 4. mgr., ef bil á milli vaktana er lengra en eitt ár.

5a. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að sjá til þess að uppfærðu stjórnunaráætlanirnar fyrir

vatnasviðaukdæmin, sem eru gerðar í samræmi við 13. gr. (7. mgr.) tilskipunar 2000/60/EB og innihalda niðurstöður og áhrif ráðstafananna sem gerðar voru til að koma í veg fyrir efnamengun yfirborðsvatns, og bráðabirgðaskýrslan, þar sem lýst er framþróuninni í framkvæmd fyrirhugaðrar áætlunar um ráðstafanir í samræmi við 15. gr. (3. mgr.) tilskipunar 2000/60/EB, séu lagðar fram í gegnum miðlæga gátt sem er aðgengileg öllum á rafrænan hátt í samræmi við 7. gr. (1. mgr.) tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/4/EB frá 28. janúar 2003 um almennan aðgang að upplýsingum um umhverfismál(\*).

6. Aðildarríkin skulu sjá til þess að unnin sé leitnigreining til lengri tíma á styrk þeirra forgangsefna, sem tilgreind eru í A-hluta I. viðauka og sem hafa tilhneigingu til að safnast fyrir í seti og/eða lífríki, með sérstakri áherslu á efni nr. 2, 5, 6, 7, 12, 15, 16, 17, 18, 20, 21, 26, 28, 30, 34, 35, 36, 37, 43 og 44 sem skráð eru í A-hluta I. viðauka, á grundvelli vöktunar á ástandi yfirborðsvatns sem unnin er í samræmi við 8. gr. tilskipunar 2000/60/EB. Aðildarríkin skulu gera ráðstafanir með því markmiði að tryggja, með fyrirvara um 4. gr. tilskipunar 2000/60/EB, að styrkur þeirra aukist ekki á marktækan hátt í seti og/eða viðkomandi lífríki.

Aðildarríkin skulu ákvarða tíðni vöktunar á seti og/eða lífríki til að fá nægileg gögn til áreiðanlegar leitnigreiningar til lengri tíma. Til viðmiðunar skal vöktun fara fram á þriggja ára fresti, nema tækniþekking og sérfræðimat réttlæti aðra tímaviðmiðun.

7. Framkvæmdastjórnin skal kanna tækni- og vísindalegar framfarir, þ.m.t. niðurstöður áhættumats, sem um getur í 16. gr. (a- og b-lið 2. mgr.) tilskipunar 2000/60/EB, og upplýsingar frá skráningu efna, sem eru gerðar aðgengilegar öllum skv. 119. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, og, ef nauðsyn krefur, leggja til endurskoðun á umhverfisgæðakröfunum, sem mælt er fyrir um í A-hluta I. viðauka við þessa tilskipun, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 294. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og í samræmi við tímaáætlunina sem kveðið er á um í 16. gr. (4. mgr.) tilskipunar 2000/60/EB.

8. Framkvæmdastjórninni skal veitt vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 10. gr. ef nauðsyn krefur til að laga 3. lið B-hluta I. viðauka við þessa tilskipun að vísinda- eða tækniþróun.

8a. Til að greiða fyrir framkvæmd þessarar greinar skal þróa tæknilegar viðmiðunarreglur um vöktunaráætlanir og greiningaraðferðir fyrir efni, þ.m.t. um sýnatöku og vöktun lífríkis, að því marki sem mögulegt er fyrir 22. desember 2014, sem hluta af fyrirbyggjandi framkvæmdarferli tilskipunar 2000/60/EB.

Viðmiðunarreglurnar skulu einkum ná til:

a) vöktunar efna í lífríkinu eins og kveðið er á um í 2. og 3. mgr. þessarar greinar,

b) ef um er að ræða nýlega tilgreind efni (með númer 34 til 45 í A-hluta I. viðauka) og efni sem settar hafa verið strangari umhverfsgæðakröfur fyrir (með númer 2, 5, 15, 20, 22, 23 og 28 í A-hluta I. viðauka): greiningaraðferða sem uppfylla lágmarksnothæfisviðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í 4. gr. tilskipunar 2009/90/EB.

8b. Ef um er að ræða efni sem ekki hafa verið samþykktar tæknilegar viðmiðunarreglur fyrir eigi síðar en 22. desember 2014 skal framlengja frestinn, sem stendur til 22. desember 2015 og um getur í i. lið 1. mgr. a, til 22. desember 2018 og fresturinn, sem um getur í sama lið, sem stendur til 22. desember 2021 framlengist til 22. desember 2027.“

(\*) Stjtið. ESB L 41, 14.2.2003, bls. 26.“

3) Ákvæði 4. mgr. 4. gr. og 6. mgr. 5. gr. falli brott.

4) Eftirfarandi grein er felld inn:

„7. gr. a

#### Samræming

1. Að því er varðar forgangsefni, sem falla undir gildissvið reglugerða (EB) nr. 1907/2006, (EB) nr. 1107/2009(\*), (ESB) nr. 528/2012(\*\*) eða tilskipunar 2010/75/ESB(\*\*\*), skal framkvæmdastjórnin, sem hluti af reglulegri endurskoðun á X. viðauka við tilskipun 2000/60/EB skv. 16. gr. (4. mgr.) þeirrar tilskipunar, meta hvort ráðstafanirnar sem eru í gildi á vettvangi Sambandsins og aðildarríkjanna nægi til að uppfylla umhverfsgæðakröfurnar fyrir forgangsefni og markmiðið um að binda endi á eða stöðva í áföngum sleppingu, losun og leka hættulegra forgangsefna í samræmi við 4. gr. (a-lið 1. mgr.) og 16. gr. (6. mgr.) tilskipunar 2000/60/EB.

2. Framkvæmdastjórnin skal gefa Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um niðurstöður matsins sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar í samræmi við tímaáætlunina sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 16. gr. tilskipunar 2000/60/EB og skulu skýrslu hennar fylgja viðeigandi tillögur, ef einhverjar eru, þ.m.t. um stjórnunarráðstafanir.

3. Ef niðurstöður skýrslunnar sýna að nauðsynlegt geti verið að gera viðbótarráðstafanir á vettvangi Sambandsins eða aðildarríkja til að greiða fyrir því að farið sé að tilskipun 2000/60/EB í tengslum við tiltekið efni sem var samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 eða reglugerð (ESB) nr. 528/2012 skulu aðildarríkin eða framkvæmdastjórnin beita 21. eða 44. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 eða 15. eða 48. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, eftir því sem við á, gagnvart því efni eða vörum sem innihalda efnið.

Ef um er að ræða efni sem falla undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 skal framkvæmdastjórnin, ef við á, hrinda af stað málsmeðferðinni sem um getur í 59., 61. eða 69. gr. þeirrar reglugerðar.

Við beitingu ákvæða reglugerðanna sem um getur í fyrstu og annarri undirgrein skulu aðildarríkin og framkvæmdastjórnin taka tillit til áhættumats og félagsdagfræðilegra greininga eða kostnaðar- og ábatagreininga sem krafist er samkvæmt þeim reglugerðum, þ.m.t. að því er varðar tiltækileika annarra kosta.

(\*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtið. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1).

(\*\*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra (Stjtið. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1).

(\*\*\*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB frá 24. nóvember 2010 um losun í iðnaði (samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun) (Stjtið. ESB L 334, 17.12.2010, bls. 17).“

5) Í stað 8. og 9. gr. komi eftirfarandi:

„8. gr.

#### Endurskoðun X. viðauka við tilskipun 2000/60/EB

Framkvæmdastjórnin skal gefa Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um niðurstöðurnar úr reglulegri endurskoðun á X. viðauka við tilskipun 2000/60/EB sem kveðið er á um í 4. mgr. 16. gr. þeirrar tilskipunar. Ef við á skulu skýrslunni fylgja tillögur að nýrri löggjöf til breytingar á X. viðauka, einkum tillögur um tilgreiningu á nýjum forgangsefnum eða hættulegum forgangsefnum eða um að tilgreina tiltekin forgangsefni sem hættuleg forgangsefni og setja samsvarandi umhverfsgæðakröfur fyrir yfirborðsvatn, set eða lífríki, eftir því sem við á.

8. gr. a

#### Sértæk ákvæði sem varða tiltekin efni

1. Í stjórnunaráætlunum fyrir vatnasviðaumdæmin sem eru gerðar í samræmi við 13. gr. tilskipunar 2000/60/EB, með fyrirvara um kröfurnar um framsetningu á efnafræðilegu heildarástandi í lið 1.4.3 í V. viðauka við hana og markmiðin og skuldbindingarnar sem mælt er fyrir um í 4. gr. (a-lið 1. mgr.), í 11. gr. (k-lið 3. mgr.) og 16. gr. (6. mgr.) þeirrar tilskipunar, geta aðildarríkin lagt fram viðbótarkort sem sýna upplýsingar um efnafræðilegt ástand fyrir eitt eða fleiri eftirtalin efni, aðskilið frá upplýsingum um hin efnin sem eru tilgreind í A-hluta I. viðauka við þessa tilskipun:

a) efni með númerin 5, 21, 28, 30, 35, 37, 43 og 44 (efni sem haga sér eins og aldreið PBT-efni),

b) efni með númer á bilinu 34 til 45 (nýlega tilgreind efni),

c) efni með númerin 2, 5, 15, 20, 22, 23 og 28 (efni sem settar hafa verið endurskoðaðar, strangari umhverfsgæðakröfur fyrir).



Aðildarríkin geta einnig lagt fram upplýsingar um umfang frávika, efnahvergeru, frá gildinu í umhverfsgæðakröfunum fyrir efnin sem um getur í a- til c-lið fyrstu undirgreinar í stjórnunaráætlunum fyrir vatnasviðaumdæmin. Aðildarríki sem leggja fram slík viðbótarkort skulu leitast við að tryggja að þau séu samanburðarhæf bæði á vettvangi vatnasviðanna og Sambandsins.

2. Aðildarríkin geta beitt vægari vöktun en krafist er fyrir forgangsefni í samræmi við 4. mgr. 3. gr. þessarar tilskipunar og V. viðauka við tilskipun 2000/60/EB að því er varðar efnin sem bera númerin 5, 21, 28, 30, 35, 37, 43 og 44 í A-hluta I. viðauka, að því tilskildu að vöktunin sé dæmigerð og að tölfræðilega sterk grunnlína sé fyrir hendi að því er varðar tilvist þessara efna í vatnsumhverfinu. Til viðmiðunar skal vöktun fara fram á þriggja ára fresti, í samræmi við aðra undirgrein 6. mgr. 3. gr. þessarar tilskipunar, nema tæknipækning og sérfræðimat réttlæti aðra tímaviðmiðun.

8. gr. b

#### Vöktunarskrá

1. Framkvæmdastjórnin skal koma upp vöktunarskrá yfir efni sem á að safna vöktunargögnum um í öllu Sambandinu til að styðja við forgangsröðun í framtíðinni í samræmi við 16. gr. (2. mgr.) tilskipunar 2000/60/EB, til að styðja við gögn, m.a. úr greiningum og endurskoðunum skv. 5. gr. og vöktunaráætlunum skv. 8. gr. þeirrar tilskipunar.

Fyrsta vöktunarskráin skal innihalda að hámarki 10 efni eða flokka efna og þar skal tilgreina þau fylki sem eru vöktuð og hugsanlegar greiningaraðferðir fyrir hvert efni sem ekki fela í sér óhóflegan kostnað. Með fyrirvara um tiltækileika greiningaraðferða sem ekki fela í sér óhóflegan kostnað skal hámarksfjöldi efna eða flokka efna sem framkvæmdastjórninni er heimilt að taka með í skrána aukast um einn við hverja uppfærslu á skránni í samræmi við 2. mgr. þessarar greinar, að hámarki upp í 14. Efnin sem skulu tekin inn í vöktunarskrána skulu valin úr þeim efnum sem fánlegar upplýsingar um benda til að af þeim geti stafað umtalsverð áhætta á vettvangi Sambandsins fyrir vatnsumhverfið, eða í gegnum það, og sem vöktunargögn skortir um.

Díklófenak (CAS 15307-79-6), 17- $\beta$ -estradiól (E2) (CAS 50-28-2) og 17- $\alpha$ -etínýlestradiól (EE2) (CAS 57-63-6) skulu tekin inn í fyrstu vöktunarskrána til að safna vöktunargögnum í þeim tilgangi að greiða fyrir ákvörðun á viðeigandi ráðstöfunum til að takast á við áhættuna sem af þessum efnum stafar.

Við val efna í vöktunarskrána skal framkvæmdastjórnin taka tillit til allra fyrirbyggjandi upplýsinga, þ.m.t.:

a) niðurstaðnanna úr nýjustu reglulegu endurskoðuninni á X. viðauka við tilskipun 2000/60/EB sem kveðið er á um í 4. mgr. 16. gr. þeirrar tilskipunar,

b) rannsóknarverkefna,

c) tilmæla frá hagsmunaaðilunum sem um getur í 5. mgr. 16. gr. tilskipunar 2000/60/EB,

d) lýsinga aðildarríkjanna á eiginleikum vatnasviðaumdæma og niðurstaðna vöktunaráætlana skv. 5. og 8. gr. tilskipunar 2000/60/EB, í þeirri röð,

e) upplýsinga um framleiðslumagn, notkunarmynstur, eðliseiginleika (þ.m.t., ef við á, kornastærð), styrk í umhverfinu og áhrif, þ.m.t. upplýsingar sem er safnað í samræmi við tilskipanir 98/8/EB, 2001/82/EB(\*) og 2001/83/EB(\*\*) og reglugerðir (EB) nr. 1907/2006 og (EB) nr. 1107/2009.

2. Framkvæmdastjórnin skal koma upp fyrstu vöktunarskránni, sem um getur í 1. mgr., fyrir 14. september 2014 og skal eftir það uppfæra hana með 24 mánaða millibili. Þegar framkvæmdastjórnin uppfærir vöktunarskrána skal hún fjarlægja af skránni öll efni sem hægt er að ljúka áhættutengdu mati á, sem um getur í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar 2000/60/EB, án viðbótarvöktunargagna. Samfelt vöktunartímabil fyrir tiltekið efni samkvæmt vöktunarskrá skal ekki vera lengra en fjögur ár.

3. Aðildarríkin skulu vakta hvert efni á vöktunarskránni á völdum, dæmigerðum vöktunarstöðvum í a.m.k. 12 mánuði. Að því er varðar fyrstu vöktunarskrána skal vöktunartímabilið hefjast 14. september 2015 eða innan sex mánaða frá stofnun vöktunarskrárinnar, hvort sem síðar verður. Aðildarríkin skulu hefja vöktun fyrir hvert efni á síðari skrá innan sex mánaða frá því að efnið er tekið á skrá.

Hvert aðildarríki skal velja a.m.k. eina vöktunarstöð auk einnar stöðvar ef íbúafjöldi þess er meiri en ein milljón, auk fjölda stöðva sem samsvarar landfræðilegri stærð þess í km<sup>2</sup> deilt með 60 000 (námundað að næstu heilu tölu), auk sama fjölda stöðva og íbúatala þess deilt með fimm milljónum (námundað að næstu heilu tölu).

Við val á dæmigerðum vöktunarstöðvum, tíðni vöktunar og tímasetningum fyrir hvert efni skulu aðildarríkin taka tillit til notkunarmynstra og hugsanlegrar tilvistar efnisins. Vöktun skal ekki fara fram sjaldnar en einu sinni á ári.

Ef aðildarríki leggur fram fullnægjandi, sambærileg, dæmigerð og nýleg vöktunargögn um tiltekið efni úr fyrirbyggjandi vöktunaráætlunum eða rannsóknum getur það ákveðið að framkvæma ekki viðbótarvöktun fyrir það

efni samkvæmt fyrirkomulagi vöktunarskrárinnar, að því tilskildu að efnið hafi einnig verið vakt að með aðferðafræði sem uppfyllir kröfurnar í tæknilegu viðmiðunarreglum sem framkvæmdastjórnin þróaði í samræmi við 5. mgr. 8. gr. b.

4. Aðildarríki skulu gefa framkvæmdastjórninni skýrslu um niðurstöðurnar úr vöktuninni sem var framkvæmd skv. 3. mgr. Að því er varðar fyrstu vöktunarskrána skal gefa skýrslu um niðurstöður vöktunarinnar innan 15 mánaða frá 14. september 2015 eða innan 21 mánaðar frá því að vöktunarskránni er komið á fót, hvort sem síðar verður, og með 12 mánaða millibili eftir það á meðan efnið er inni í skránni. Fyrir hvert efni sem er tekið inn í síðari skrár skulu aðildarríkin gefa framkvæmdastjórninni skýrslu um niðurstöður vöktunarinnar innan 21 mánaðar frá því að efnið var tekið inn í vöktunarskrána og með 12 mánaða millibili eftir það á meðan efnið er inni í skránni. Í skýrslunni skulu koma fram upplýsingar um hversu dæmigerðar vöktunarstöðvarnar og vöktunaráætlunin eru.

5. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir til að koma vöktunarskránni á fót og uppfæra hana eins og um getur í 1. og 2. mgr. Hún getur einnig samþykkt tæknisnið til að tilkynna vöktunarniðurstöður og tengdar upplýsingar til framkvæmdastjórnarinnar. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 9. gr.

Framkvæmdastjórnin skal þróa viðmiðunarreglur, þ.m.t. tækniforskriftir, með það fyrir augum að greiða fyrir vöktun vegna efnanna í vöktunarskránni og er hún hvött til að stuðla að samræmingu slíkrar vöktunar.

8. gr. c

#### Sértæk ákvæði sem varða lyfjavirk efni

Framkvæmdastjórnin skal, skv. 9. mgr. 16. gr. tilskipunar 2000/60/EB og, þegar við á, á grundvelli niðurstöðunnar úr rannsókn hennar frá 2013 um áhættu sem stafa af lyfjum í umhverfinu og annarra viðeigandi rannsókna og skýrslna, að því leyti sem hægt er innan tveggja ára frá 13. september 2013, þróa heildarstefnu áætlunar að því er varðar vatnsmengun vegna lyfjavirkra efna. Sú heildarstefna skal, eftir því sem við á, m.a. felast í tillögum sem gera kleift, eftir því sem þurfa þykir, að taka tillit til umhverfisáhrifa lyfja innan málsmeðferðarinnar við setningu lyfja á markað á skilvirkari hátt. Framkvæmdastjórnin skal, innan ramma þeirrar heildarstefnu og eins og við á, leggja til fyrir 14. september 2017 ráðstafanir sem gera skal á vettvangi Sambandsins og/eða aðildarríkjanna, eftir því sem við á, til að fjalla um hugsanleg umhverfisáhrif lyfjavirkra efna, einkum þeirra sem um getur í 1. mgr. 8. gr. b, með það fyrir augum að draga úr sleppingu, losun og leka slíkra efna út í vatnsumhverfið, með tilliti til lýðheilsuþarfa og kostnaðarhagkvæmni ráðstafananna sem lagðar eru til.

9. gr.

#### Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 21. gr. tilskipunar

2000/60/EB. Sú nefnd er nefnd í skilningi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlitsaðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdavaldi sínu (\*\*).

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

Skili nefndin ekki álitni skal framkvæmdastjórnin ekki samþykkja drögin að framkvæmdargerðinni og þriðja undirgrein 4. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011 skal gilda.

9. gr. a

#### Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórnin er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir með fyrirvara um skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Framkvæmdastjórnin skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, sem um getur í 8. mgr. 3. gr., í sex ár á tímabili sem hefst 13. september 2013. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu, að því er varðar framsal valds, eigi síðar en níu mánuðum fyrir lok sex ára tímabilsins. Framsal valds skal framlengt með þegjandi samkomulagi um jafnlangan tíma nema Evrópuþingið eða ráðið andmæli þeirri framlengingu eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers tímabils.

3. Evrópuþinginu eða ráðinu er, hvenær sem er, heimilt að afturkalla framsal valds sem um getur í 8. mgr. 3. gr. Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endir á framsal þess valds sem tilgreint er í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

5. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 8. mgr. 3. gr., skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þessi frestur skal framlengdur um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

(\*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/82/EB frá 6. nóvember 2001 um Bandalagsreglur um dýralyf (Stjtið. EB L 311, 28.11.2001, bls. 1).

(\*\*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB frá 6. nóvember 2001 um Bandalagsreglur um lyf sem ætluð eru mönnum (Stjtið. EB L 311, 28.11.2001, bls. 67).

(\*\*\*) Stjtið. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13.\*\*

6) Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað A-hluta komi textinn í II. viðauka við þessa tilskipun.

b) Í stað 2. og 3. liðar B-hluta komi eftirfarandi:

„2. Dálkar 6 og 7 í töflunni: Notkun LHS-UGK fyrir tiltekið yfirborðsvatnshlot þýðir að mældur styrkur við hvern dæmigerðan vöktunarstað innan vatnshlotsins er ekki meiri en sem nemur gildinu fyrir umhverfisgæðakröfuna.

Aðildarríki geta þó, í samræmi við lið 1.3.4 í V. viðauka við tilskipun 2000/60/EB, innleitt tölfræðiaðferðir, t.d. útreikning hundraðshlutamarks, til að tryggja viðunandi öryggis- og nákvæmisstig við ákvörðun á því hvort farið sé að LHS-UGK. Ef aðildarríki fara þá leið skulu slíkar tölfræðiaðferðir vera í samræmi við ítarlegar reglur sem mælt er fyrir um í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 9. gr. þessarar tilskipunar.

3. Umhverfisgæðakröfurnar fyrir vatn sem mælt er fyrir um í þessum viðauka eru settar fram sem heildarstyrkur í öllu vatnssýninu.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein, að því er varðar kadmíum, blý, kvikasilfur og nikkell (hér á eftir nefnd „málmar“), vísa umhverfisgæðakröfurnar fyrir vatn til uppleysts styrks, þ.e. uppleysts fasa vatnssýnis sem er fengið með síun gegnum 0,45 µm síu eða jafngildri formeðhöndlun eða, sé það sérstaklega tekið fram, til lífaðgengilegs styrks.

Við mat sitt á niðurstöðum vöktunar að því er varðar viðeigandi umhverfisgæðakröfur geta aðildarríki tekið tillit til eftirfarandi atriða:

a) náttúrulegs bakgrunnstyrks málma og efna-sambanda þeirra, ef slíkur styrkur kemur í veg fyrir að umhverfisgæðakröfurnar séu uppfylltar,

b) hörku, pH-gildis, uppleysts, lífræns kolefnis eða annarra vatnsgæðapátta sem hafa áhrif á lífaðgengileika málma en lífaðgengilegur styrkur er ákvarðaður með viðeigandi lífaðgengilíkönun.“

7) Ákvæði II. og III. viðauka falli brott.

3. gr:

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 14. september 2015. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

4. gr:

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

5. gr:

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 12. ágúst 2013.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

*forseti.*

M. SCHULZ

*Fyrir hönd ráðsins,*

*forseti.*

L. LINKEVIČIUS

## I. VIÐAUKI

## „X. VIÐAUKI

## SKRÁ YFIR FORGANGSEFNI AÐ ÞVÍ ER VARÐAR STEFNU Í VATNSMÁLUM

Númer	CAS-númer <sup>(1)</sup>	ESB-númer <sup>(2)</sup>	Heiti forgangsefnis <sup>(3)</sup>	Tilgreint sem hættulegt forgangsefni
(1)	15972-60-8	240-110-8	Alaklór	
(2)	120-12-7	204-371-1	Antrasen	X
(3)	1912-24-9	217-617-8	Atrasín	
(4)	71-43-2	200-753-7	Bensen	
(5)	á ekki við	á ekki við	Brómaðir dífenýletrar	X <sup>(4)</sup>
(6)	7440-43-9	231-152-8	Kadmíum og efnasambönd þess	X
(7)	85535-84-8	287-476-5	Klóralkön, C <sub>10-13</sub>	X
(8)	470-90-6	207-432-0	Klórþenín	
(9)	2921-88-2	220-864-4	Klórþýrifos (klórþýrifosetyl)	
(10)	107-06-2	203-458-1	1,2-díklóretan	
(11)	75-09-2	200-838-9	Díklórmetan	
(12)	117-81-7	204-211-0	Dí(2-etylhexýl)þalat (DEHP)	X
(13)	330-54-1	206-354-4	Diúrón	
(14)	115-29-7	204-079-4	Endósúlfan	X
(15)	206-44-0	205-912-4	Flúoranten	
(16)	118-74-1	204-273-9	Hexaklórþenín	X
(17)	87-68-3	201-765-5	Hexaklórþýlátíen	X
(18)	608-73-1	210-168-9	Hexaklórþýklóhexan	X
(19)	34123-59-6	251-835-4	Ísóprótúrón	
(20)	7439-92-1	231-100-4	Bly og efnasambönd þess	
(21)	7439-97-6	231-106-7	Kvikasilfur og efnasambönd þess	X
(22)	91-20-3	202-049-5	Naftalín	
(23)	7440-02-0	231-111-4	Nikkel og efnasambönd þess	
(24)	á ekki við	á ekki við	Nónýlfenól	X <sup>(5)</sup>
(25)	á ekki við	á ekki við	Oktylfenól <sup>(6)</sup>	
(26)	608-93-5	210-172-0	Pentaklórþenín	X
(27)	87-86-5	201-778-6	Pentaklórþenól	
(28)	á ekki við	á ekki við	Fjolarómátísk vetniskolefni (PAH) <sup>(7)</sup>	X
(29)	122-34-9	204-535-2	Símasín	
(30)	á ekki við	á ekki við	Tribútýltinsambönd	X <sup>(8)</sup>

Númer	CAS-númer <sup>(1)</sup>	ESB-númer <sup>(2)</sup>	Heiti forgangsefnis <sup>(3)</sup>	Tilgreint sem hættulegt forgangsefni
(31)	12002-48-1	234-413-4	Tríklórbensen	
(32)	67-66-3	200-663-8	Tríklórmetan (klóróform)	
(33)	1582-09-8	216-428-8	Tríflúralín	X
(34)	115-32-2	204-082-0	Díkófol	X
(35)	1763-23-1	217-179-8	Perflúoroktansúlfónsýra og afleiður hennar (PFOS)	X
(36)	124495-18-7	á ekki við	Kínóxyfen	X
(37)	á ekki við	á ekki við	Díoxín og díoxínlik efnasambönd	X <sup>(9)</sup>
(38)	74070-46-5	277-704-1	Aklónífen	
(39)	42576-02-3	255-894-7	Bífenox	
(40)	28159-98-0	248-872-3	Sýbútrín	
(41)	52315-07-8	257-842-9	Sýpermetrín <sup>(10)</sup>	
(42)	62-73-7	200-547-7	Díklórvos	
(43)	á ekki við	á ekki við	Hexabrómsýklódódekón (HBCDD)	X <sup>(11)</sup>
(44)	76-44-8/ 1024-57-3	200-962-3/ 213-831-0	Heptaklór og heptaklórepoxið	X
(45)	886-50-0	212-950-5	Terbútrín	

<sup>(1)</sup> CAS, Upplýsingajónusta um iðefni (e. *Chemical Abstracts Service*).

<sup>(2)</sup> ESB-númer: Evrópuskrá yfir iðefni á markaði (EINECS) eða Evrópuskrá yfir tilkynnt efni (ELINCS).

<sup>(3)</sup> Hafir hópar efna verið valdir skal, ef annað er ekki tekið beint fram, skilgreina stök dæmigerð efni í tengslum við setningu umhverfissgæðakrafna.

<sup>(4)</sup> Einungis tetra-, penta-, hexa- og heptabrómdífenýltri (CAS-númer 40088-47-9, 32534-81-9, 36483-60-0, 68928-80-3, í þeirri röð).

<sup>(5)</sup> Nónýlfenól (CAS 25154-52-3, ESB 246-672-0) þ.m.t. hverfumar 4-nónýlfenól (CAS 104-40-5, ESB 203-199-4) og 4-nónýlfenól (kvíslað) (CAS 84852-15-3, ESB 284-325-5).

<sup>(6)</sup> Oktýlfenól (CAS 1806-26-4, ESB 217-302-5) þ.m.t. hverfan 4-(1,1',3,3'-tetrametylbutýl)-fenól (CAS 140-66-9, ESB 205-426-2).

<sup>(7)</sup> Þar með talið bensó(a)pyren (CAS 50-32-8, ESB 200-028-5), bensó(b)flúoranten (CAS 205-99-2, ESB 205-911-9), bensó(g,h,i)perýlen (CAS 191-24-2, ESB 205-883-8), bensó(k)flúoranten (CAS 207-08-9, ESB 205-916-6), indenó(1,2,3-cd)pyren (CAS 193-39-5, ESB 205-893-2) og að undanskildu antraseni, flúoranteni og naftalíni sem eru talin upp sérstaklega.

<sup>(8)</sup> Þar með talin tribütýlín-plúsíón (CAS 36643-28-4).

<sup>(9)</sup> Vísar aðeins til eftirfarandi efnasambanda:

7 fjöklóruð díbensó-p-díoxína (PCDD-efni): 2,3,7,8-T4CDD (CAS 1746-01-6), 1,2,3,7,8-P5CDD (CAS 40321-76-4), 1,2,3,4,7,8-H6CDD (CAS 39227-28-6), 1,2,3,6,7,8-H6CDD (CAS 57653-85-7), 1,2,3,7,8,9-H6CDD (CAS 19408-74-3), 1,2,3,4,6,7,8-H7CDD (CAS 35822-46-9), 1,2,3,4,6,7,8,9-O8CDD (CAS 3268-87-9)

10 fjöklóruð díbensófurón (PCDF-efni): 2,3,7,8-T4CDF (CAS 51207-31-9), 1,2,3,7,8-P5CDF (CAS 57117-41-6), 2,3,4,7,8-P5CDF (CAS 57117-31-4), 1,2,3,4,7,8-H6CDF (CAS 70648-26-9), 1,2,3,6,7,8-H6CDF (CAS 57117-44-9), 1,2,3,7,8,9-H6CDF (CAS 72918-21-9), 2,3,4,6,7,8-H6CDF (CAS 60851-34-5), 1,2,3,4,6,7,8-H7CDF (CAS 67562-39-4), 1,2,3,4,7,8,9-H7CDF (CAS 55673-89-7), 1,2,3,4,6,7,8,9-O8CDF (CAS 39001-02-0)

12 díoxínlik fjöklóruð bifényl (PCB-DL-efni): 3,3',4,4'-T4CB (PCB 77, CAS 32598-13-3), 3,3',4',5'-T4CB (PCB 81, CAS 70362-50-4), 2,3,3',4,4'-P5CB (PCB 105, CAS 32598-14-4), 2,3,4,4',5'-P5CB (PCB 114, CAS 74472-37-0), 2,3',4,4',5'-P5CB (PCB 118, CAS 31508-00-6), 2,3',4,4',5'-P5CB (PCB 123, CAS 65510-44-3), 3,3',4,4',5'-P5CB (PCB 126, CAS 57465-28-8), 2,3,3',4,4',5'-H6CB (PCB 156, CAS 38380-08-4), 2,3,3',4,4',5'-H6CB (PCB 157, CAS 69782-90-7), 2,3',4,4',5,5'-H6CB (PCB 167, CAS 52663-72-6), 3,3',4,4',5,5'-H6CB (PCB 169, CAS 32774-16-6), 2,3,3',4,4',5,5'-H7CB (PCB 189, CAS 39635-31-9).

<sup>(10)</sup> CAS 52315-07-8 vísar til hverfublöndu sýpermetríns, α-sýpermetríns (CAS 67375-30-8), β-sýpermetríns (CAS 65731-84-2), þeta-sýpermetríns (CAS 71697-59-1) og seta-sýpermetríns (52315-07-8).

<sup>(11)</sup> Vísar til 1,3,5,7,9,11-hexabrómsýklódódekans (CAS 25637-99-4), 1,2,5,6,9,10-hexabrómsýklódódekans (CAS 3194-55-6), α-hexabrómsýklódódekans (CAS 134237-50-6), β-hexabrómsýklódódekans (CAS 134237-51-7) og gamma-hexabrómsýklódódekans (CAS 134237-52-8).“

## II. VIÐAUKI

## „I. VIÐAUKI

## UMHVERFISGÆDAKRÖFUR FYRIR FORGANGSEFNI OG TILTEKIN ÖNNUR MENGUNAREFNI

## A-HLUTI: UMHVERFISGÆDAKRÖFUR (UGK)

ÁM: Ársmeðaltal.

LHS: Leyfilegur hámarksstyrkur

Eining: [ $\mu\text{g}/\text{l}$ ] fyrir dálk 4 til 7

[ $\mu\text{g}/\text{kg}$  blautvigt] fyrir dálk 8

(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(8)
Nr.	Heiti efnis	CAS-númer <sup>(1)</sup>	ÁM-UGK <sup>(2)</sup> Yfirborðsvatn á landi <sup>(2)</sup>	ÁM-UGK <sup>(2)</sup> Annað yfirborðsvatn	LHS-UGK <sup>(4)</sup> Yfirborðsvatn á landi <sup>(2)</sup>	LHS-UGK <sup>(4)</sup> Annað yfirborðsvatn	UGK Lífriki <sup>(12)</sup>
(1)	Alaklór	15972-60-8	0,3	0,3	0,7	0,7	
(2)	Antrasen	120-12-7	0,1	0,1	0,1	0,1	
(3)	Atrasín	1912-24-9	0,6	0,6	2,0	2,0	
(4)	Bensen	71-43-2	10	8	50	50	
(5)	Brómaðir dífenýletrar <sup>(5)</sup>	32534-81-9			0,14	0,014	0,0085
(6)	Kadmíum og efnasambönd þess (fer eftir vatnshörku- flokkum) <sup>(6)</sup>	7440-43-9	$\leq 0,08$ (Flokkur 1) 0,08 (Flokkur 2) 0,09 (Flokkur 3) 0,15 (Flokkur 4) 0,25 (Flokkur 5)	0,2	$\leq 0,45$ (Flokkur 1) 0,45 (Flokkur 2) 0,6 (Flokkur 3) 0,9 (Flokkur 4) 1,5 (Flokkur 5)	$\leq 0,45$ (Flokkur 1) 0,45 (Flokkur 2) 0,6 (Flokkur 3) 0,9 (Flokkur 4) 1,5 (Flokkur 5)	
(6a)	Kolefnistetra- klóríð <sup>(7)</sup>	56-23-5	12	12	á ekki við	á ekki við	
(7)	C10-13- klóralkön <sup>(8)</sup>	85535-84-8	0,4	0,4	1,4	1,4	
(8)	Klórfeinvinfos	470-90-6	0,1	0,1	0,3	0,3	
(9)	Klórþýrifos (klórþýrifosetýl)	2921-88-2	0,03	0,03	0,1	0,1	
(9a)	Sýklódíen- varnarefni: Aldrín <sup>(7)</sup> Díeldrín <sup>(7)</sup> Endrín <sup>(7)</sup> Ísodrín <sup>(7)</sup>	309-00-2 60-57-1 72-20-8 465-73-6	$\Sigma = 0,01$	$\Sigma = 0,005$	á ekki við	á ekki við	

(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(8)
Nr.	Heiti efnis	CAS-númer <sup>(1)</sup>	ÁM-UGK <sup>(2)</sup> Yfirborðsvatn á landi <sup>(3)</sup>	ÁM-UGK <sup>(2)</sup> Annað yfirborðsvatn	LHS-UGK <sup>(4)</sup> Yfirborðsvatn á landi <sup>(3)</sup>	LHS-UGK <sup>(4)</sup> Annað yfirborðsvatn	UGK Lífriki <sup>(12)</sup>
(9b)	Heildar-DDT ( <sup>7</sup> ), ( <sup>9</sup> )	á ekki við	0,025	0,025	á ekki við	á ekki við	
	para-para-DDT ( <sup>7</sup> )	50-29-3	0,01	0,01	á ekki við	á ekki við	
(10)	1,2-díklóretan	107-06-2	10	10	á ekki við	á ekki við	
(11)	Díklórmetan	75-09-2	20	20	á ekki við	á ekki við	
(12)	Dí(2-etylhexýl) þalat (DEHP)	117-81-7	1,3	1,3	á ekki við	á ekki við	
(13)	Díúrón	330-54-1	0,2	0,2	1,8	1,8	
(14)	Endósúlfan	115-29-7	0,005	0,0005	0,01	0,004	
(15)	Flúoranten	206-44-0	0,0063	0,0063	0,12	0,12	30
(16)	Hexaklórbensen	118-74-1			0,05	0,05	10
(17)	Hexaklór- bútadíen	87-68-3			0,6	0,6	55
(18)	Hexaklórsýkló- hexan	608-73-1	0,02	0,002	0,04	0,02	
(19)	Ísoprótúrón	34123-59-6	0,3	0,3	1,0	1,0	
(20)	Bly og efnasambönd þess	7439-92-1	1,2 <sup>(13)</sup>	1,3	14	14	
(21)	Kvikasilfur og efnasambönd þess	7439-97-6			0,07	0,07	20
(22)	Naftalín	91-20-3	2	2	130	130	
(23)	Nikkel og efnasambönd þess	7440-02-0	4 <sup>(13)</sup>	8,6	34	34	
(24)	Nónýlfenól (4-nónýlfenól)	84852-15-3	0,3	0,3	2,0	2,0	
(25)	Oktýlfenól ((4-(1,1',3,3'- tetrametýlbútýl)- fenól))	140-66-9	0,1	0,01	á ekki við	á ekki við	
(26)	Pentaklórbensen	608-93-5	0,007	0,0007	á ekki við	á ekki við	
(27)	Pentaklórfenól	87-86-5	0,4	0,4	1	1	

(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(8)
Nr.	Heiti efnis	CAS-númer <sup>(1)</sup>	ÁM-UGK <sup>(2)</sup> Yfirborðsvatn á landi <sup>(3)</sup>	ÁM-UGK <sup>(2)</sup> Annað yfirborðsvatn	LHS-UGK <sup>(4)</sup> Yfirborðsvatn á landi <sup>(3)</sup>	LHS-UGK <sup>(4)</sup> Annað yfirborðsvatn	UGK Lífriki <sup>(12)</sup>
(28)	Fjölarómátísk vetniskolefni (PAH) <sup>(11)</sup>	á ekki við	á ekki við	á ekki við	á ekki við	á ekki við	
	Bensó(a)pýren	50-32-8	$1,7 \times 10^{-4}$	$1,7 \times 10^{-4}$	0,27	0,027	5
	Bensó(b) flúoranten	205-99-2	Sjá 11. nmgr.	Sjá 11. nmgr.	0,017	0,017	Sjá 11. nmgr.
	Bensó(k) flúoranten	207-08-9	Sjá 11. nmgr.	Sjá 11. nmgr.	0,017	0,017	Sjá 11. nmgr.
	Bensó(g,h,i) perýlen	191-24-2	Sjá 11. nmgr.	Sjá 11. nmgr.	$8,2 \times 10^{-3}$	$8,2 \times 10^{-4}$	Sjá 11. nmgr.
	Indenó(1,2,3-cd) pýren	193-39-5	Sjá 11. nmgr.	Sjá 11. nmgr.	á ekki við	á ekki við	Sjá 11. nmgr.
(29)	Símasín	122-34-9	1	1	4	4	
(29a)	Tetraklóretýlen <sup>(7)</sup>	127-18-4	10	10	á ekki við	á ekki við	
(29b)	Tríklóretýlen <sup>(7)</sup>	79-01-6	10	10	á ekki við	á ekki við	
(30)	Tríbútýltin- sambönd (tríbútýltin- plúsjón)	36643-28-4	0,0002	0,0002	0,0015	0,0015	
(31)	Tríklórbensen	12002-48-1	0,4	0,4	á ekki við	á ekki við	
(32)	Tríklórmetan	67-66-3	2,5	2,5	á ekki við	á ekki við	
(33)	Tríflúralín	1582-09-8	0,03	0,03	á ekki við	á ekki við	
(34)	Díkófól	115-32-2	$1,3 \times 10^{-3}$	$3,2 \times 10^{-5}$	Á ekki við <sup>(10)</sup>	Á ekki við <sup>(10)</sup>	33
(35)	Perflúoroktan- súlfónsýra og afleiður hennar (PFOS)	1763-23-1	$6,5 \times 10^{-4}$	$1,3 \times 10^{-4}$	36	7,2	9,1
(36)	Kínóxýfen	124495-18-7	0,15	0,015	2,7	0,54	



(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(8)
Nr.	Heiti efnis	CAS-númer <sup>(1)</sup>	ÁM-UGK <sup>(2)</sup> Yfirborðsvatn á landi <sup>(3)</sup>	ÁM-UGK <sup>(2)</sup> Annað yfirborðsvatn	LHS-UGK <sup>(4)</sup> Yfirborðsvatn á landi <sup>(3)</sup>	LHS-UGK <sup>(4)</sup> Annað yfirborðsvatn	UGK Lífriki <sup>(12)</sup>
(37)	Díoxín og díoxínlik efnasambönd	Sjá 10. neðanmáls-grein í X. viðauka við tilskipun 2000/60/EB			á ekki við	á ekki við	Summa PCDD+PCDF +PCB-DL 0,0065 µg. kg <sup>-1</sup> TEQ (eitur-jafngildi) <sup>(14)</sup>
(38)	Aklónífen	74070-46-5	0,12	0,012	0,12	0,012	
(39)	Bífenox	42576-02-3	0,012	0,0012	0,04	0,004	
(40)	Sýbútrín	28159-98-0	0,0025	0,0025	0,016	0,016	
(41)	Sýpermetrín	52315-07-8	8 × 10 <sup>-5</sup>	8 × 10 <sup>-6</sup>	6 × 10 <sup>-4</sup>	6 × 10 <sup>-5</sup>	
(42)	Díklórvos	62-73-7	6 × 10 <sup>-4</sup>	6 × 10 <sup>-5</sup>	7 × 10 <sup>-4</sup>	7 × 10 <sup>-5</sup>	
(43)	Hexabróm-sýklódódekan (HBCDD)	Sjá 12. neðanmáls-grein í X. viðauka við tilskipun 2000/60/EB	0,0016	0,0008	0,5	0,05	167
(44)	Heptaklór og heptaklórepoxið	76-44-8/1024-57-3	2 × 10 <sup>-7</sup>	1 × 10 <sup>-8</sup>	3 × 10 <sup>-4</sup>	3 × 10 <sup>-5</sup>	6,7 × 10 <sup>-3</sup>
(45)	Terbútrín	886-50-0	0,065	0,0065	0,34	0,034	

<sup>(1)</sup> CAS: Upplýsingajónusta um iðefni (e. *Chemical Abstracts Service*).

<sup>(2)</sup> Þessi breyta er umhverfisgæðakrafan, sem er sett fram sem ársmeðalgildi (ÁM-UGK). Ef annað er ekki tekið fram gildir hún um heildarstyrk allra hverfna.

<sup>(3)</sup> Yfirborðsvatn á landi tekur til áa og vatna og tengdra, manngerðra eða mikið breyttra vatnshlota.

<sup>(4)</sup> Þessi breyta er umhverfisgæðakrafan, sett fram sem leyfilegur hámarksstyrkur (LHS-UGK). Ef merkt er við LHS-UGK með „á ekki við“ teljast gildin fyrir ÁM-UGK verndandi gegn skammvinnum mengunartoppum frá stöðugri sleppingu þar eð þau eru umtalsvert lægri en gildin sem reiknuð eru á grundvelli bráðra eiturhrifa.

<sup>(5)</sup> Að því er varðar hóp forgangsefna sem falla undir brómaða dífenýletra (nr. 5) vísar umhverfisgæðakrafan til summu styrks efnamynda nr. 28, 47, 99, 100, 153 og 154.

<sup>(6)</sup> Að því er varðar kadmíum og efnasambönd þess (nr. 6) eru gildi umhverfisgæðakrafna breytileg eftir hörku vatnsins sem skipt er í fimm flokka: (Flokkur 1: < 40 mg CaCO<sub>3</sub>/l, flokkur 2: 40 til < 50 mg CaCO<sub>3</sub>/l, flokkur 3: 50 til < 100 mg CaCO<sub>3</sub>/l, flokkur 4: 100 til < 200 mg CaCO<sub>3</sub>/l og flokkur 5: ≥ 200 mg CaCO<sub>3</sub>/l).

<sup>(7)</sup> Þetta efni er ekki forgangsefni heldur eitt hinna mengunarefnanna þar sem umhverfisgæðakröfnurnar eru nákvæmlega eins og þær sem mælt er fyrir um í löggjöfnni sem var í gildi fyrir 13. janúar 2009.

<sup>(8)</sup> Ekki er gefinn upp neinn visir fyrir þennan flokk efna. Skilgreina skal vísi eða vísa með greiningaraðferðinni.

<sup>(9)</sup> Heildarmagn DDT felur í sér summu hverfnanna 1,1,1-tríklór-2,2-bis-(p-klórfeñyl)etan (CAS-númer 50-29-3, ESB-númer 200-024-3), 1,1,1-tríklór-2-(o-klórfeñyl)-2-(p-klórfeñyl)etan (CAS-númer 789-02-6, ESB-númer 212-332-5), 1,1-díklór-2,2-bis-(p-klórfeñyl)etýlen (CAS-númer 72-55-9, ESB-númer 200-784-6) og 1,1-díklór-2,2-bis-(p-klórfeñyl)etan (CAS-númer 72-54-8, ESB-númer 200-783-0).

<sup>(10)</sup> Ekki liggja fyrir fullnægjandi upplýsingar til að hægt sé að ákvarða LHS-UGK fyrir þessi efni.

<sup>(11)</sup> Að því er varðar flokk forgangsefna sem teljast til fjölarómatiskra vetniskolefna (PAH) (nr. 28) vísar umhverfisgæðakrafan fyrir lífverur og samsvarandi ÁM-UGK í vatni til styrks bensó[a]pýrens, en þau byggjast á eiturhrifum þess. Líta má á bensó[a]pýren sem markefni fyrir önnur fjölarómatiskt vetniskolefni og þ.a.l. þarf einungis að vakta bensó[a]pýren til samanburðar við umhverfisgæðakröfnuna fyrir lífverur eða samsvarandi ÁM-UGK í vatni.

<sup>(12)</sup> Umhverfisgæðakröfur fyrir lífverur vísa til fíks nema annað sé tekið fram. Vakta má aðra flokkunareiningu lífvera eða annað fylki í staðinn, svo fremi sem umhverfisgæðakrafan sem beitt er veiti sambærilega vernd. Að því er varðar efni númer 15 (flúoranten) og 28 (fjölarómatiskt vetniskolefni) vísar umhverfisgæðakrafan fyrir lífverur til krabbadýra og lindýra. Ekki er viðeigandi að vakta flúoranten og fjölarómatiskt vetniskolefni í fiski í þeim tilgangi að meta efnafræðilegt ástand. Að því er varðar efni nr. 37 (díoxín og díoxínlik efnasambönd) vísar umhverfisgæðakrafan fyrir lífverur til fíks, krabbadýra og lindýra, í samræmi við lið 5.3 í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1259/2011 frá 2. desember 2011 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1881/2006 að því er varðar hámarksgildi fyrir díoxín, PCB-efni, sem líkjast díoxíni, og PCB-efni, sem ekki líkjast díoxíni, í matvælum (Stjótið. ESB L 320, 3.12.2011, bls. 18).

<sup>(13)</sup> Þessar umhverfisgæðakröfur vísa til lífaðgengilegs styrks efnanna.

<sup>(14)</sup> PCDD-efni: fjöklóruð díbensó-p-díoxín, PCDF-efni: fjöklóruð díbensófúrön, PCB-DL-efni: díoxínlik fjöklóruð bífenýl; TEQ: eiturjafngildi samkvæmt eiturjafngildissuðlum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar frá 2005.“